

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 460/2013, um vasapeninga og dagpeninga vegna dvalar lífeyrisþega á stofnun.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

- a. Í stað „51.800 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 53.354 kr.
- b. Í stað „956.308 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 984.997 kr.

2. gr.

Í stað „2.745 kr.“ í 6. gr. kemur: 2.827 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 10. mgr. 48. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2015. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1219/2013, um breytingu á reglugerð nr. 460/2013, um vasapeninga og dagpeninga vegna dvalar lífeyrisþega á stofnun.

Velferðarráðuneytinu, 19. desember 2014.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.